

Alþingi
Erindi nr. P 140/794
komudagur 13.12.2011



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Hr. Árni Þór Sigurðsson
formaður utanríkismálanefndar
Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 12. desember 2011
UTN11110170/81.A.001; 81.B.001
EG/jga

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu á sameiginlegum hagsmunum Vestur-Norðurlanda í ljósi breyttrar stöðu norðurslóða í alþjóðakerfinu af völdum loftslagsbreytinga. 140. löggjafarþingi 2011-2012. 140. Þskj. 201 – 196. mál.

Í þingsályktun um norðurslóðastefnu Íslands, sem samþykkt var á 139. löggjafarþingi, er kveðið á um að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja. Danmörk, Grænland og Færeyjar lögðu nýlega fram sameiginlega norðurslóðastefnu þar sem m.a. er kveðið á um náið samstarf við Ísland um málefni svæðisins.

Utanríkisráðuneytið hefur á síðustu árum beitt sér fyrir því að efla stjórnmála- og viðskiptatengsl við Grænland og Færeyjar ekki síst í ljósi aukins forræðis þeirra yfir málaflokkum er snerta sameiginlega hagsmuni landanna og Íslands á norðurslóðum og Norður-Atlantshafinu s.s. á sviði auðlindanýtingar, siglinga og umhverfismála. Formaður grænlenku landsstjórnarinnar Kuupik Kleist kom í opinbera heimsókn til Íslands í september á þessu ári og voru hagsmunamál landanna á norðurslóðum til umræðu á fundi hans með utanríkisráðherra. Þá hafa embættismenn ráðuneytisins fundað með grænlenku og færeysku embættismönnum um sömu mál.

Hugsanleg ráðstefna Vestur-Norðurlanda um sameiginlega hagsmuni landanna á norðurslóðum og Norður-Atlantshafinu fellur vel að norðurslóðastefnu Íslands og áherslum utanríkisráðuneytisins á aukið samstarf við Grænland og Færeyjar. Mun ráðuneytið beita sér fyrir því í samstarfi við utanríkisráðuneyti Færeyja og Grænlands að slík ráðstefna verði haldin. Þó ber að hafa í huga að alþjóðlegt ráðstefnuhald er kostnaðarsamt og eins og aðrar stofnanir ríkisins er utanríkisráðuneytið rekið á grundvelli strangra hagræðingarkrafna.

F.r.